

33. fundargerð stýrihóps um byggingu nýs íþróttahúss –

4. apríl kl. 8:15 í ráðhúsinu

Mættir: Eyrún Fríða Árnadóttir, Björgvin Óskar Sigurjónsson, Hjördís Edda Olgeirsdóttir, Þórdís Þórsdóttir skólastjóri, Eygló Illugadóttir aðstoðarskólastjóri, Rósa Valdimarsdóttir aðstoðarskólastjóri og Þórgunnur Torfadóttir sem ritaði fundargerð .

Dagskrá

Markmið fundarins var að eiga samráð við skólastjórnendur Grunnskóla Hornafjarðar og fá athugasemdir þeirra við hugmyndir um byggingu íþróttahúss.

Skólastjórnendur benda m.a. á að eftir að Grunnskólinn varð farsímalaus síðasta haust hefur notkun nemenda á íþróttasalnum aukist mikið í frímínútum en u.þ.b. 40-50 nemendur nýta það í fyrstu frímínútum. Skólastjórnendur hafa áhyggjur af því að nemendur nýti sér íþróttahúsið minna, jafnvel ekkert, ef það er ekki samtengt grunnskólanum. Það mun skila sér í minni hreyfingu, en rannsóknir sýna að púls nemenda hækkar markvisst meira í frímínútum í frjálsum leik.

Skólastjórnendur velta fyrir sér ýmsum útfærsluatriðum varðandi möguleg not skólans af fimleikasalnum í frímínútum, verði nýja íþróttahúsið stakstætt. Frekari gagna er þörf til að svara þeim vangaveltum.

Skólastjórnendur velta fyrir sér gönguleiðum nemenda milli bygginga og aðkomu og inngangi þeirra að ólíkum byggingum. Skólinn er nú þegar í fimm byggingum að meðtalinni sundlaug og Kátakoti og skólastjórnendur hafa áhyggjur af nemendum á ferðum sínum á milli bygginga í vondum veðrum og þykir mikilvægt að lengja þær ekki.

Skólastjórnendur leggja áherslu á að skipulag svæðisins sé skoðað heildstætt með hagsmuni allra aðila og sérstaklega skólans að leiðarljósi. Þá sé hugsað vel út í framtíðarþróun Grunnskóla Hornafjarðar og að honum séu ekki settar of þröngar skorður. Tryggja þarf nægilegt landsvæði fyrir byggingar en einnig skólalóð.

Rætt var um húsnæði skólans. Skólastjórnendur bentu á að húsnæði Hafnarskóla væri í slæmu ástandi og að það ætti öllum að ljóst. Bent á að nú er verið að stofna starfshóp um framtíðar húsnæðisþörf Grunnskóla Hornafjarðar. Hlutverk starfshópsins rætt.

Skólastjórnendur ræddu um starfsaðstæður starfsmanna. Starfsmönnum finnst erfitt að vera í sitthvoru húsnæðinu og íþróttakennarar í stakstæðu húsi verða mikið einir í sínu starfi.

Þá tóku skólastjórnendur fram að þeir óski eftir meira samstarfi og að tekið sé tillit til þarfa skólans við framtíðaruppbygginu íþróttamannvirkja.